

5. gr.

Brot mót samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð. 1. júlí

92

6. gr.

Með mál útaf brotum móti samþykkt þessari skal farið sem almenn lög reglumál.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. ágúst 1911 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

93
3. júlí

um girðing í Svínavatnshreppi.

Hreppsnefndin í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu hefir samkvæmt lögum 30. júlí 1909, um girðingar, gjört eftirfylgjandi

s a m þ y k t

um girðing í Svínavatnshreppi.

1. gr.

Í Svínavatnshreppi skal vera gaddavirsgirðing frá Svínavatni á landamærum Stóradals og Svínavatns og svo yfir Ytrilöngumýrar- og Tungunesland, austur að Blöndu á Hamrinum.

93

3. júlí

2. gr.

Kostnað við að leggja girðing þessa og viðhald hennar, ber að greiða af ábúendum jarða þeirra í hreppnum, er liggja fyrir norðan girðing þessa, og jarðanna Stóradals og Ytrilöngumýrar, og öðrum heimilisföstum mönnum á þessu svæði, er tíund gjöra. Ber að jafna kostnaðinum niður jafnt á hvert ábúðar- og tíundbært lausafjórðungi þessara manna.

3. gr.

Eftirlit með girðingunni (viðhald), niðurrjöfnun kostnaðarins og innheimta, skal falin þriggja manna stjórn, er kosin sé af þátttakendum á aðalfundi, er haldinn sé í aprilmánuði ár hvert. Niðurrjöfnun þessi og reikningsskil leggist til úrskurðar fyrir aðalfund þátttakenda.

4. gr.

Ekki skal samþykkt þessi vera til hindrunar því, að þeir, sem búa fyrir norðan girðingu þessa, taki þátt í girðingu á afréttinni, ef einhvern tíma yrði hún sett. Þegar það kemur, skulu þeir, er fyrir framan Múlagirðinguna búa, taka þátt í viðhaldi og kostnaði þessarar girðingar, eins og hann verður þá.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 3. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.